

Þriðjudaginn 20. ágúst 1991.

Nr. 344/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Hermanni Kjartanssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 4. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst 1991. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður dæmdur af almannafé.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Þegar lítið er til þess, sem fram er komið í máli þessu, þykir varhugavert að ætla, að fullnægt sé skilyrði 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 til að lengja gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem átti að ljúka 13. þessa mánaðar. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Átelja ber töf, sem orðið hefur á meðferð málsins og eigi hefur verið nægilega réttlætt.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 13. ágúst 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 13. ágúst, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Björn Helgason saksóknari gerði hér fyrir dómi 9. ágúst sl. f.h. ákæruvaldsins kröfu um, að gæsluvarðhald ákærða í sakadómsmálinu nr. 1737/1991: Ákæruvaldið gegn Hermanní Kjartanssyni, sem með úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar og Garða frá 3.7. sl. var framlengt frá þeim degi til 13. ágúst nk. kl. 16.00, yrði framlengt frá þeim tíma, þar til dómur yrði upp kveðinn í málinu, en þó eigi lengur en til þriðjudags 17. september nk. kl. 16.00. Hann vísar til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, til stuðnings kröfu sinni, en málið sé á lokastigi dómsrannsóknar og verði væntanlega tekið til flutnings 22. ágúst nk.

Af hálfu ákærða er kröfunni mótmælt sem ótímabærri, tilefnislausri og án lagastoðar, auk þess sé hún ómannúðleg sem mest megi vera.

Málavextir.

Að lokinni frumrannsókn í málinu sendi rannsóknarlögregla ríkisins málið til fyrirsagnar ríkissaksóknara 8. júlí sl., og eftir athugun á þeim rannsóknargögnum gaf ríkissaksóknari út ákæru 15. júlí sl., þar sem hann gerir kröfu um, að ákærði verði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 4.30 aðfaranótt mánudags 3. júní sl. slegið eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, í ennið með kúluhamri, þar sem hún lá sofandi í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra að Grenilundi 9, Garðabæ, og lagt plastpoka yfir andlit hennar og troðið honum upp í munn hennar, og er þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og er refsingar yfir ákærða krafist eftir þessum greinum.

Gögn málsins hafa leitt til málshöfðunar gegn ákærða, sbr. framangreinda ákæru, og er því enn sterkur grunur um, að hann hafi framið verknaðinn, sem hann er þar sakaður um og rannsókn málsins hefur snúist um.

Það kemur í hlut dómarsins, sem hefur fengið sakamálið nr. 1737/1991 til meðferðar, að kveða á um, hvort sönnunargögnin í málinu séu nægileg til sakfellingar eður eigi, og verður ekki í máli þessu um kröfuna um framlengingu gæsluvarðhaldsins farið út í neitt sönnunarmat, en sem fyrr er talið, að ætlað brot ákærða sé svo alvarlegt, sbr. og ákæru, að 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga eigi við um það.

Sakamálið er nú á lokastigi, og hefur verið ákveðinn í því málflutningur 21. ágúst nk. og að dómur verði svo kveðinn upp í því innan þriggja vikna. Þó að einhverjar tafir hafi orðið á upphafi dómsrannsóknar vegna sumar-

leyfis dómarans, er málið nú rekið í flýti, og þykir tímalengdin um gæsluvarðhaldið ekki óeðlilega löng miðað við að fá málalyktir á tímabilinu. Þó að enn sé ýmislegt óljóst í málinu, þar á meðal sumt, sem kann að vera metið ákærða í hag, verður að telja það óvarlegt gagnvart kæranda að losa ákærða úr gæslu, fyrr en dómur liggur fyrir í því.

Það þykir því rétt miðað við það, hvernig málið er vaxið, og með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, og er gæsluvarðhald ákærða framlengt, þar til dómur verður kveðinn upp í málinu, en þó eigi lengur en til 17. september nk. kl. 16.00.

Rétt þykir, þar sem rannsókn málsins er að mestu lokið og ekki er þörf á, að um framkvæmd gæsluvarðhalds sé farið eftir 2. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 74, 1974, að um vistun ákærða fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds, sem rennur út í dag kl. 16.00 skv. úrskurði dómsins frá 3.7. sl. og allt til þess, að dómur verður kveðinn upp í saka-dómsmálinu nr. 1737/1991, en þó eigi lengur en til þriðjudags 17. september nk. kl. 16.00, og skal gæsluvist hans þennan tíma vera með sama hætti og vistun afplánunarfanga.
